

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella



Reykjavík 18. september 2015
UST201509-064/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi, Múli í Landssveit


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi 7 frístundalóða í landi Múla í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipulagssvæðið er um 13 ha og áætlun er um að skipta svæðinu í 7 frístundalóðir og innan svæðisins er íbúðarlóð Múla.

Í greinargerð er gerð grein fyrir fráveitu og tengingum við aðrar veitur.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillöguna. Á ofangreindu tillögusvæði eru ekki svæði á náttúruminjaskrá og ekki svæði er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stofnunin gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur